

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. júní 1991

um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum

(91/494/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum Efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Alifuglakjöt er á vörulistanum í II. viðauka við sáttmálan. Ræktun alifugla tilheyrir landbúnaðargeiranum og er tekjulind hluta fólks í landbúnaði.

Misræmi milli aðildarríkjanna skal eytt með því að setja reglur um heilbrigði dýra í viðskiptum með nýtt alifuglakjöt innan bandalagsins til að tryggja skynsamlega þróun þessa geira og auka framleiðni með því efla viðskipti innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á.

Til að auka einkum og sér í lagi upplýsingar um heilbrigðisástand alifugla sem nýtt kjöt, ætlað til flutnings til annars aðildarríkis, er fengið af ætti að hvetja til þess að alifuglar séu annað hvort ræktaðir á yfirráðasvæði bandalagsins eða hafi verið innfluttir frá þriðju löndum í samræmi við III. kafla tilskipunar ráðsins 90/539/EBE frá 15. október um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum ⁽⁴⁾.

Til að koma í veg fyrir útbreiðslu dýrafarsóttu af völdum nýs kjötmetis skal banna viðskipti innan bandalagsins með nýtt kjötmeti frá bújörð eða svæði sem, samkvæmt reglum bandalagsins, hefur verið gert að lúta banni heilbrigðisyrvalda eða frá svæði þar sem hafa komið upp fuglainflúensutillfelli eða Newcastle-veiki.

Þess skal gætt að nýtt alifuglakjöt sem samræmist ekki reglum bandalagsins fái ekki stimpil heilbrigðiseftirlits sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. fe-

brúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/484/EBE ⁽⁶⁾. Slíkt kjötmeti er heimilt að nota í öðrum tilgangi að því tilskildu að það hafi verið meðhöndlað með það fyrir augum að eyða sjúkdómsvaldandi örverum og hafi í því tilviki sérstakt merki þess efnis.

Með hliðsjón af skipulagningu eftirlits sem er framkvæmt af viðtökuaðildarríkinu, hvernig því er fylgt eftir og þeim öryggisráðstöfunum sem grípa ber til, skal vísað til almennu reglnanna í tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁷⁾.

Kveða skal á um að framkvæmdastjórnin geti haft eftirlit með höndum.

Til að stuðla að samræmdri þróun viðskipta innan bandalagsins ætti að koma á fyrirkomulagi innan bandalagsins með tilliti til innflutnings frá þriðju löndum.

Til þess að koma á fyrrnefndu fyrirkomulagi er einkum þörf á að búa til skrá yfir þriðju lönd eða hluta af þriðju löndum þaðan sem heimilt er að flytja inn nýtt alifuglakjöt og skylt að leggja fram vottorð.

Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis skulu hafa eftirlit með því að farið sé að reglum bandalagsins í þriðju löndum.

Almennar reglur um eftirlit með nýju alifuglakjöti verða settar um leið og gripið verður til ráðstafana til að koma á hinum innri markaði.

Með tilliti til efnis þessarar tilskipunar skal breyta tilskipun 90/539/EBE einkum með það fyrir augum að tryggja samræmi varðandi þann dag sem aðildarríkin verða að fara að nýju heilbrigðisreglum.

Endurskoða verður ákvæði þessarar tilskipunar í tengslum við framkvæmd hins innri markaðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 327, 30. 12. 1989, bls. 72.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 183, 15. 7. 1991.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 124, 21. 5. 1990, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 267, 29. 9. 1990, bls. 45.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 31. 12. 1989, bls. 13.

Kveða skal á um nána samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Ráðlegt er að veita frest til að setja samræmdar reglur varðandi Newcastle-veiki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru til heilbrigðis dýra í viðskiptum innan bandalagsins með nýtt alifuglakjöt og innflutning á því frá þriðju löndum.

2. gr.

Í þessari tilskipun gilda einnig þær skilgreiningar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 90/539/EBE, einkum þær sem varða alifuglakjöt.

Þar að auki merkir:

- „kjötmeti“: hvern þann hluta alifugla sem er hæfur til manneldis;
- „nýtt kjötmeti“: allt kjötmeti, þar með talið í lofttæmdum umbúðum eða sem pakkað er við aðstæður sem eru undir eftirliti og ekki hefur fengið aðra meðhöndlun en kælingu til að tryggja ferskleika þess.

II. KAFLI

Reglur um viðskipti innan bandalagsins

3. gr.

A. Til að viðskipti með nýtt kjötmeti geti átt sér stað innan bandalagsins verður kjötið að vera af alifugli sem:

- hefur verið á yfirráðasvæði bandalagsins síðan honum var ungað út eða hann fluttur inn frá þriðju löndum í samræmi við skilyrðin í III. kafla tilskipunar 90/539/EBE.

Alifuglakjöt ætlað fyrir aðildarríki eða svæði aðildarríkja sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt 2. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar tilskipunar skal, til 31. desember 1992, vera af alifugli sem hefur ekki verið bólusettur gegn Newcastle-veiki með þynntu lifandi bóluefni síðustu 30 dagana fyrir slátrun.

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem byggð er á skýrslu um hættu á útbreiðslu Newcastle-veiki, samþykka með auknum meirihluta, fyrir 1. janúar 1992, reglur sem gilda frá 1. janúar 1993;

2. er af bújörð:

- sem hefur ekki þurft að hlíta höftum heilbrigðisyrivalda í tengslum við alifuglasjúkdóma,
- sem er ekki á svæði þar sem fuglainflúensa eða Newcastle-veiki hefur komið upp;

3. komst ekki í snertingu við alifugla sem þjást af fuglainflúensu eða Newcastle-veiki við flutning í sláturhús. Banna skal slíkan flutning um svæði þar sem fuglainflúensa eða Newcastle-veiki hefur komið upp nema flutt sé eftir aðalvegum eða aðalleiðum járnbrauta;

4. kemur úr sláturhúsi þar sem ekki hafði verið skráð neitt tilfelli fuglainflúensu eða Newcastle-veiki þegar slátrað var.

Allt nýtt kjötmeti sem grunur leikur á að hafi smitast í sláturhúsinu, þökkunarstöð, vörugemymslu eða í flutningum skal útilokað frá viðskiptum;

5. er merktur í samræmi við 4. og 5. gr.;

6. hefur heilbrigðisvottorð sem fylgir með og kveðið er á um í IV. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, eins og henni var breytt til samræmis við viðaukann við þessa tilskipun.

B. Þessi kaflí hefur ekki áhrif á innlend ákvæði varðandi kjötmeti:

— í persónulegum farangri ferðamanna sem er ætlað til einkaneyslu þeirra,

— í litlum vörusendingum til einstaklinga, að því tilskildu að sendingarnar séu ekki viðskiptalegs eðlis,

— sem er ætlað til neyslu áhafnar og farþega í milli-landaflutningum.

4. gr.

Nýtt alifuglakjöt sem þessi tilskipun tekur til skal fá heilbrigðismerkið sem tilgreint er í e-lið A-hluta í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í A-hluta 3. gr. í þessari tilskipun séu uppfyllt og að kjötið sé af alifugli sem hefur verið slátrað í samræmi við hreinlætisskilyrðin í tilskipun 71/118/EBE.

5. gr.

1. Þrátt fyrir 4. gr., og svo framarlega sem það er ekki ætlað til viðskipta með nýtt kjötmeti innan bandalagsins, má nýtt alifuglakjöt sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. A-hluta 3. gr. og fyrstu undirgrein 4. mgr. bera merki í samræmi við e-lið A-hluta í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE, að því tilskildu að:

- a) stimplað sé yfir merkið tafarlaust þannig að heilbrigðismerkið, sem er skilgreint í a- og b-lið töluliðar 44.1 í X. kafla I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, sé hulið með skálægum krossi sem er samsettur úr tveimur lín-um er ganga hornrétt hvor á aðra, með skurðarpunkt í miðju merkinu, og verða upplýsingarnar sem þar koma fram að vera læsilegar áfram;
- b) eða að í staðinn komi eitt sérmerki sem er heilbrigðis-merkið sem skilgreint er í a- og b-lið 44. töluliðar X. kafla í I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, og stimplað yfir það í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar.

Ákvæði 43. liðar X. kafla í I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE gilda að breyttu breytanda um eign og notkun merkingarbúnaðarins.

2. Kjötmetið sem um getur í 1. mgr. skal unnið, stykkjað, flutt og geymt annars staðar, eða á öðrum tíma, en kjötmeti sem á að nota í viðskiptum með nýtt kjötmeti innan bandalagsins, og forðast að nota það í kjötvörur sem ætlaðar eru til viðskipta innan bandalagsins nema það hafi fengið þá meðhöndlun sem tilgreind er í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 80/215/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE.

6. gr.

Reglurnar sem settar eru í tilskipun 89/662/EBE gilda einkum ef um er að ræða skipulagningu eftirlits sem er framkvæmt af viðtökuaðildarríkinu, hvernig því er fylgt eftir og þeim öryggisráðstöfunum sem gera skal.

7. gr.

Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis geta, eftir því sem þurfa þykir til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar og í samvinnu við yfirvöld í landinu, gert vettvangsskoðanir. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um niðurstöður slíkra skoðana.

Aðildarríki, þar sem skoðunin fer fram, skal veita sérfræðingunum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að þeir geti sinnt störfum sínum.

Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skulu samþykktar samkvæmt málsmæðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr. Reglur, sem ber fylgja við eftirlit og kveðið er á um í þessari grein, skulu samþykktar samkvæmt sömu málsmæðferð.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 4.

III. KAFLI

Reglur um innflutning frá þriðju löndum

8. gr.

1. Nýtt alifuglakjöt sem er flutt inn til bandalagsins verður að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 9. og 12. gr.

2. Þessi kafli gildir þó ekki um:

- a) alifuglakjöt sem er hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlað til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sem flutt er sé ekki meira en eitt kílógramm, það sé frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem gerð er í samræmi við 9. gr. og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður samkvæmt 14. gr.;
- b) alifuglakjöt í litlum vörusendingum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessa kjötmetis sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé ekki meira en eitt kílógramm, það sé frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem gerð er í samræmi við 9. gr. og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður samkvæmt 14. gr.;
- c) kjötmeti ætlað áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningum á milli landa.

Slíku kjötmeti, eða matúrgangi sem því fylgir, skal fargað sé það affermt. Þó er ekki nauðsynlegt að farga kjötmeti þegar það er flutt beint, eða eftir að hafa verið tímabundið í umsjá tollayfirvalda, úr einu flutningstæki í annað.

9. gr.

1. Nýtt alifuglakjöt verður að vera frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman samkvæmt málsmæðferðinni í 18. gr. Breyta má skránni og bæta við hana í samræmi við málsmæðferðina í 17. gr.

2. Þegar ákveðið er hvort þriðja land eða hluti þriðja lands skuli haft í skránni sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka tillit til:

- a) heilbrigðis alifugla, annarra húsdýra og villtra dýra í þriðja landinu annars vegar, sérstaklega með hliðsjón af framandi dýrasjúkdómum, og hins vegar almenns heilbrigðisástands í landinu þegar hvor þessara þátta um sig getur stofnað heilsu manna og dýra í aðildarríkjunum í hættu;
- b) hversu reglulega og hratt upplýsingar berast frá þriðja landi um að smitandi dýrasjúkdómur hafi komið upp á yfirráðasvæði þess, einkum þeir sjúkdómar sem eru í skrá A og B hjá Alþjóðastofnun um smitsjúkdóma dýra;

- c) reglna landsins um fyrirbyggjandi aðgerðir og baráttu gegn dýrasjúkdómum;
- d) skipulags dýraheilbrigðisþjónustu í landinu og valdsviðs hennar;
- e) skipulagningu og framkvæmdar ráðstafana sem gerðar eru til að fyrirbyggja og hamla gegn útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma;
- f) löggjafar landsins um notkun efna sem eru bönnuð, einkum löggjafar varðandi bann eða heimild til dreifingar og markaðssetningar efna svo og reglna um hvernig megi gefa þau og eftirlit með þeim;
- g) þeirra ábyrgða sem þriðja land getur veitt með hliðsjón af reglum sem eru settar í þessari tilskipun.
3. Skráin sem um getur í 1. mgr. og allar breytingar á henni skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

10. gr.

1. Nýtt alifuglakjöt skal vera frá þriðju löndum sem eru laus við fuglainflúensu og Newcastle-veiki.
2. Almenna viðmiðunin sem er notuð við flokkun þriðju landa með tilliti til sjúkdóma sem um getur í 1. mgr. skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. Þessi viðmiðun má ekki í neinu tilviki vera hagstæðari en þær sem eru samþykktar fyrir aðildarríkin á grundvelli tilskipunar 90/539/EBE.
3. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr., ákveðið að 1. mgr. gildi aðeins í hluta yfirráðasvæðis þriðja lands.

11. gr.

1. Nýtt alifuglakjöt verður:
- a) að fullnægja kröfum um heilbrigði sem samþykktar voru í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. Kröfurnar geta verið mismunandi eftir því um hvaða fugla er að ræða;
- b) að vera úr hópi fugla sem hafa, fyrir sendingu, dvalið samfellt í þriðja landi eða hluta þess í tiltekinn tíma sem verður skilgreindur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.
2. Dýraheilbrigðisskilyrði skulu ákvörðuð á grundvelli reglna sem settar eru í II. kafla og samsvarandi viðaukunum við tilskipun 90/539/EBE. Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr. skal veita undanþágur í einstökum tilfellum ef hlutaðeigandi þriðja land veitir svipaðar og fullnægjandi ábyrgðir varðandi dýraheilbrigði.

12. gr.

1. Nýju alifuglakjöti skal fylgja vottorð útgefið af opinberum dýralækni frá þriðja landi sem stundar útflutning.

Vottorðið skal:

- a) gefið út á þeim degi sem ferming fer fram fyrir sendingu til viðtökulandsins;
- b) gert á opinberu tungumáli eða tungumálum sendingarlandsins, viðtökulandsins og einu af opinberum tungumálum landsins þar sem innflutningseftirlitið á að fara fram;
- c) fylgja sendingunni í frumriti;
- d) votta að nýja kjötmetið uppfylli skilyrðin sem sett eru í þessari tilskipun og þau sem samþykkt eru á grundvelli hennar varðandi innflutning frá þriðju löndum;
- e) vera ein blaðsíða;
- f) vera gert fyrir einn viðtakanda.

2. Vottorðið skal vera í samræmi við fyrirmynd sem gerð er í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.

13. gr.

Vettvangsskoðanir skulu gerðar af sérfræðingum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis til að tryggja að öllum ákvæðum þessarar tilskipunar sé beitt á árangursríkan hátt.

Sérfræðingar aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á þessum skoðunum skulu tilnefndir af framkvæmdastjórninni að tilögu aðildarríkjanna.

Skoðanirnar fara fram á kostnað bandalagsins.

Nánari reglur um skoðanirnar og hve oft þær fara fram skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

14. gr.

1. Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr., ákveðið að innflutningur frá þriðja landi eða hluta þess takmarkist við nýtt kjötmeti af tilteknum fuglategundum.

2. Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr., ákveðið að setja nauðsynleg skilyrði varðandi heilbrigði dýra að innflutningi loknum.

15. gr.

Almennar reglur og viðmiðanir sem beitt er við skoðanir í þriðju löndum eða við skoðanir á innfluttu alifuglakjöti frá

þriðju löndum og þær öryggisráðstafanir sem gera þarf eru settar fram í tilskipun 90/675/EBE. ⁽¹⁾

16. gr.

1. Þar til heilbrigðisreglur bandalagsins um innflutning á alifuglakjöti frá þriðju löndum koma til framkvæmda skulu aðildarríkin við slíkan innflutning beita ákvæðum sem ekki eru hagstæðari en ákvæði um viðskipti innan bandalagsins samkvæmt tilskipun 71/118/EBE og binda viðskipti með alifuglakjöt skilyrðunum í annarri undirgrein b-liðar 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 89/662/EBE.

2. Til að tryggja samræmda beitingu þessara ákvæða mega fara fram vettvangsskoðanir í þriðju löndum, framkvæmdar af sérfræðingum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis.

Sérfræðingar aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á þessum skoðunum skulu tilnefndir af framkvæmdastjórninni að til-lögu aðildarríkjanna.

Bandalagið sér um að skoðanir séu framkvæmdar og ber kostnaðinn af þeim.

Aðildarríkjum er samt sem áður heimilt að halda áfram skoðunum, samkvæmt innlendum ákvæðum, á hverri þeirri stofnun í þriðja landi sem ekki hefur verið skoðuð í samræmi við og eftir leiðum bandalagsins.

Skrá yfir stofnanir sem uppfylla skilyrðin sem um getur í I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE skal tekin saman samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Heilbrigðisvottorðið sem fylgir vörum í innflutningi og tegund og gerð heilbrigðismerkisins sem vörurnar eiga að bera skulu vera í samræmi við fyrirmyndina sem ákvörð-um var samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

17. gr.

Þegar fylgja á málsmeðferðinni sem sett er fram í þess-ari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði (hér á eft-ir kölluð „nefndin“), sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽²⁾, fjalla um málið í samræmi við reglurnar sem settar eru í 12. gr. tilskipunar 71/118/EBE.

18. gr.

Þegar fylgja á málsmeðferðinni sem sett er fram í þessari

grein skal nefndin fjalla um málið í samræmi við reglurnar sem eru settar í 12. gr. a í tilskipun 71/118/EBE.

19. gr.

1. Eftirfarandi bætist við viðauka A við tilskipun 89/662/EBE:

„— tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju ali-fuglakjöti frá þriðju löndum (Stjttíð.EB, nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35).“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 90/539/EBE:

- a) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. 12. gr. falli orðin „í síðasta lagi sex mánuðum fyrir þann dag sem aðildarríkin verða að fara að þessari tilskipun“ niður.
- b) Í 36. gr. komi dagsetningin „1. maí 1992“ í stað „1. janú-ar 1992“.

20. gr.

Ráðið skal, fyrir 31. desember 1992, endurskoða ákvæði þessarar tilskipunar í tengslum við tillögur um að hinum innri markaði verði komið á og taka ákvörðun með auknum meirihluta að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

21. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. maí 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

R. STEICHEN

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

VIDAUKI

Breytingar á heilbrigðisvottorði í IV. viðauka við tilskipun 71/118/EBE

1. (Þessi breyting á ekki við um íslenska textann).
2. Eftirfarandi komi í stað IV. liðar:

„IV. Staðfesting

Ég undirritaður, opinber dýralæknir, votta að:

- a) alifuglakjötið sem lýst er hér að framan⁽¹⁾ uppfyllir skilyrðin í tilskipun 90/494/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum og einnig skilyrðin í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, ef kjötmetið á að fara til aðildarríkis eða svæðis í aðildarríki sem er viðurkennt sem laust við Newcastle-veiki;
 - b) — alifuglakjötið sem lýst er hér að framan⁽⁴⁾,
— umbúðir kjötmetisins sem lýst er hér að framan⁽⁴⁾,
bera merki sem staðfestir að:
— kjötið er af dýrum sem hefur verið slátrað í viðurkenndum sláturhúsum⁽⁴⁾,
— kjötið var stykkjað í viðurkenndum stykkjunarstöðvum⁽⁴⁾;
 - c) kjötmetið hefur verið dæmt hæft til manneldis að lokinni dýralæknisskoðun í samræmi við tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt;
 - d) flutningatækin eða gámarnir og aðstæður við fermingu á sendingunni séu í samræmi við heilbrigðis-skilyrðin sem sett eru í tilskipun 71/118/EBE.“
3. Eftirfarandi komi í stað neðanmálgreinar 1:
„⁽¹⁾ nýtt alifuglakjöt: nýtt kjöt af eftirfarandi tegundum: hænum, kalkúnum, perluhænum, öndum, gæsnum, kornhænum, dúfum, fasönum og akurhænum sem eru alin sem húsdýr og hafa ekki verið meðhöndluð á neinn hátt með það fyrir augum að tryggja ferskleika þeirra. Þó telst kælt kjötmeti vera nýtt.“